

# AUGLÝSING

## um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

### 1. gr.

#### *Ákvörðun og markmið.*

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við ríkisstjórnina, að setja á tímabundna takmörkun á samkomum eftir því sem hér greinir.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

### 2. gr.

#### *Gildissvið.*

Takmörkun á samkomum tekur gildi 28. ágúst 2020 kl. 00.00 og gildir til 10. september 2020 kl. 23.59.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Auglýsingin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða loftfara og skipa í millilandaferðum.

Ákvæði 3. og 4. gr. auglýsingar þessarar taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

Auglýsing þessi tekur ekki til skólastarfs sem fjallað er um í sérstakri auglýsingu um takmörkun skólastarfs.

### 3. gr.

#### *Fjöldatakmörkun.*

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar auglýsingar. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 100 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Er þá m.a. vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem tónleika, menningarviðburða, leiksýninga, bíósýninga, íþróttaviðburða og einkasamkvæma.
- d. Kirkjuathafna hvers konar, svo sem vegna útfara, giftinga og ferminga, og annarra trúarsamkoma.
- e. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 100 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 100 einstaklingar inni í sama rými.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er matvöruverslunum heimilt að hafa allt að 100 manns inni í einu að því gefnu að uppfyllt sé skilyrði 4. gr. Þá er matvöruverslunum sem eru yfir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavin inn fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavina í allt.

### 4. gr.

#### *Almenn nálægðartakmörkun.*

Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, m.a. þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Í starfsemi sem eðli síns vegna krefst meiri nálægðar en kveðið er á um í 1. mgr., svo sem í heilbrigðisþjónustu, á hárgreiðslustofum, nuddstofum og í almenningsamgöngum þar sem ferð varir í 30 mínútur eða lengur, skal nota andlitsgrímur sem hylur nef og munn þar sem 2 metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki viðkomandi. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu.

## 5. gr.

*Nálægðartakmörkun í íþróttum og sviðslistum.*

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. um 2 metra nálægðartakmörkun eru snertingar heimilar milli íþróttafólks á æfingum og í keppnum. Aftur á móti skal virða 2 metra nálægðartakmörkun í búningaklefum og á öðrum svæðum utan keppni og æfinga.

Aðrir, meðal annars þjálfarar, starfsmenn og sjálfboðaliðar, skulu ávallt gæta að nálægðartakmörkunum skv. 1. mgr. 4. gr.

Keppnisáhöld skulu sóttþreinsuð milli notenda eins og kostur er með hliðsjón af eðli íþróttarinnar.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sér samböndum reglur, svo sem um áhorfendur, einstaklingsbundnar sóttvarnir og sóttþreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni.

Í íþróttum sem ekki tilheyrir Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Með sama hætti og í íþróttum eru snertingar heimilar við æfingar í sviðslistum, tónlist og við kvikmyndatöku. Þar sem sérstök smithætta er fyrir hendi, s.s. á kóræfingum, skal þó eftir fremsta megni gætt að ákvæði 1. mgr. 4. gr.

## 6. gr.

*Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.*

Veitingastaðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar og spilasalir skulu ekki hafa opið lengur en til kl. 23.00 alla daga vikunnar.

Í starfsemi þar sem notaður er sameiginlegur búnaður, svo sem í íþróttastarfi, starfsemi líkamsræktarstöðva, spilasala og spilakassa, skal búnaður sóttþreinsaður milli notenda.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun má gestafjöldi á sund- og baðstöðum sem og líkamsræktarstöðvum aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um sund- og baðstaði vegna COVID-19 og fyrir líkamsræktarstöðvar. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hóp fólks eftir kl. 23:00.

## 7. gr.

*Hjúkrunarheimili og aðrar heilbrigðisstofnanir.*

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir skulu setja sér reglur um starfsemi sína, svo sem varðandi heimsóknir utanaðkomandi að heimilunum og stofnunum.

## 8. gr.

*Þrif og sóttþreinsun almenningsrýma.*

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyrja þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrifa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sóttþreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, m.a. við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

## 9. gr.

*Undanþágur.*

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á sviði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga eða slökkviliða. Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. Enn fremur getur ráðherra veitt undanþágu vegna starfa Alþingis, dómstóla og stjórnarsýslu.


Við veitingu undanþága skal leitast við að grípa til annarra aðgerða þannig að gætt sé að smitvörnum eins og kostur er.

10. gr.  
*Gildistaka.*

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 792/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, með síðari breytingu.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 25. ágúst 2020.*

F. h. r.

  
Ásta Valdimarsdóttir

  
Ásthildur Knútsdóttir.

